

## Lyfjaskírteini - vinnuregla

### Frávik frá viðmiðunarverði

Dagsetning: 15. febrúar 2025

---

Greiðsla sjúkratrygginga vegna lyfjakaupa miðast almennt við viðmiðunarverð, samkvæmt lyfjaverðskrá. Ef einstaklingur getur ekki af brýnum læknisfræðilegum ástæðum, svo sem vegna alvarlegra aukaverkana, notað það lyf sem greiðsluþátttaka sjúkratrygginga miðast við, getur læknir sótt um lyfjaskírteini fyrir ákveðið lyf. Greiðsluþátttaka sjúkratrygginga miðast þá við smásöluverð viðkomandi lyfs.

Skilyrði fyrir greiðsluþátttöku:

- Meðferð með hagkvæmstu lyfjunum hafi af brýnum læknisfræðilegum ástæðum leitt til þess að stöðva þurfi notkun þeirra.
- Tilgreina skal hvaða lyf hafa verið reynd og í hve langan tíma.

Sjúkratryggingar **ítreka mikilvægi** þess að tilkynna til Lyfjastofnunar um **alvarlegar aukaverkanir**. Nánari upplýsingar um tilkynningar og vefeyðublað má finna á heimasíðu Lyfjastofnunar, <https://www.lyfjastofnun.is/lyf/lyfjagat/tilkynna-aukaverkun-lyfs/>

Gildistími:

5 ár